

Námskrá 5. bekkur

Náttúrugreinar

Vinnulag: Kennslan fer fram í formi innlagna frá kennara, umræðna, verkefna og tilrauna. Lögð er áhersla á skapandi kennsluaðferðir og sjálfstæða vinnu nemenda. Nemendur vinna ýmis verkefni tengd námsefninu. Lögð er áhersla á að nemendur fái að prófa sig áfram með tilraunir. Nemendur velta fyrir sér hugtökum og ræða um þau og gera skriflegar og verklegar æfingar.

Námsmat: Leiðsagnarmat. Verkefnabók, samvinnu- og einstaklings verkefni.

Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.

- | | |
|----|--|
| A | Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| B+ | Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. |
| B | Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| C+ | Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B. |
| C | Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. |
| D | Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs |

A A

B+ B+

B B

C+ C+

C C

D D

Kennarar: Edda Júlía Helgadóttir og Jóhanna Höskuldsdóttir

Tímaáætlun: 3 stundir á viku

Námskrá 5. bekkur

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	- þroski með sér: jákvæða sjálfsmynd, andlega- og líkamleg vellíðan, góð samskipti og skilning á eigin tilfinningum og annarra, - hafi í huga: gildi hreyfingar, góðrar næringar, hvíldar og hreinlætis, - tileinki sér jákvæð viðhorf gagnvart umhverfi, náttúru og samfélagi.
Jafnrétti	- skilji og virði jafnrétti, - geti ræktað hæfileika sína með vali á fjölbreyttum verkefnum/viðfangsefnum og útfærslu, - geri sér grein fyrir mikilvægi fjölbreytileika lífvera og vistkerfa.
Lýðræði og mannréttindi	- vera virkur þátttakandi í skólastarfi og lýðræðissamfélagi og efli með sér gagnrýna hugsun, - sýni sjálfum sér, umhverfi og náttúru virðingu, - notfæri sér fræðslu og þekkingu til þess að breyta venjum sínum gagnvart eigin lífi og aðstæðum, með neysluvenjum og umhyggju fyrir sínu nánasta umhverfi, - átti sig á samspili fólks við náttúruna og áhrif til framtíðar.
Læsi	- geti lesið fjölbreytta texta og leitað upplýsinga um náttúruvísindi sér til gagns, - geti vegið og metið upplýsingar með gagnrýnum hætti, - notað hugtök úr náttúruvísindum í daglegu lífi, - geti lesið í og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri.
Sjálfbærni	- efli umhverfisvitund; þekkingu, skilning og væntumþykju á náttúru, umhverfi og fólki, - auki vilja til náttúruverndar og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúru og mannlífs, - læri að meta mikilvægi auðlinda og verndun þeirra, - veldi fyrir sér afstöðu sinni til álitamála og leiti lausna í umhverfismálum, - geri sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temji sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa í nútíð og framtíð.
Sköpun	- örvi ímyndunarafl og gagnrýna hugsun með umræðum og spurningum, - nýti hæfileika sína til að skapa afurðir, - virki hugmyndaflug til að vinna og finna lausnir á verkefnum.

Námskrá 5. bekkur

Hæfniviðmið um verklag

Náttúrugreinar við lok 5. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi geti:
Geta til aðgerða - greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra, - greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.	- Náttúrulega 1 - Heimsmarkmið SP - Grænfánaverkefnið - Heilsueflandi skóli	- kveikja, - umræður, - útskýringar orða og hugtaka, - rannsóknarvinna og tilraunir - einstaklings-, para- og hópavinna, - viðtöl, - vettvangsferðir og athuganir, - heimilda- og upplýsingaöflun.	- aflað sér upplýsinga úr texta á fræðimáli og svarað spurningum um efnið - áttað sig á virkni mannslíkamans - áttað sig á hvernig vísindalegar athuganir fara fram - þekki muninn á flóru og fánu og hvað tilheyrir hvorum flokki - skoðað einfaldar vélar og áttað sig á virkni þeirra - lært um loftslag og veður og átti sig á muni þessara tveggja atriða - skoðað gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar og fái tilfinningu fyrir orsökum og afleiðingum mannlegrar hegðunar á náttúruna - áttað sig á mismunandi gróðurfari mismunandi svæða og áttað sig á kostum og göllum manngerðra svæða
Nýsköpun og hagnýting þekkingar fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.		- kveikja, - framsögn, tjá eigin skoðanir og taka þátt í samræðum. - heimilda- og upplýsingaöflun.	
Gildi og hlutverk vísinda og tækni - lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum, - útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.		- kveikja, - útskýringar orða og hugtaka, - notkun hugtakakorta, - tjáning, - samræður, - ritun, - heimilda- og upplýsingaöflun.	
Vinnubrögð og færni - framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni, - beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra		- kveikja, - rannsóknir, - skýrslugerð, - tilraunir, - útikennsla, - vettvangsferðir,	

Námskrá 5. bekkur

Náttúrugreinar við lok 5. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi geti:
upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.		• athuganir, • verklegar æfingar, • hugtakakort, • heimilda- og upplýsingaöflun.	
Ábyrgð á umhverfinu • tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð, • tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.		• kveikja, • þátttaka í raunverulegum viðfangsefnum, • vettvangsferðir/heimsóknir, • athuganir, • útikennsla, • viðtöl, • kortagerð, • umræður, • skólaþing, • heimilda- og upplýsingaöflun.	

Námskrá 5. bekkur

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Náttúrugreinar við lok 5. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi geti:
Að búa á jörðinni - útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist, - lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.		- kveikja, - athuganir, - útikennsla, - kortalestur, - mynd- og fræðsluefni, - heimilda- og upplýsingaöflun, - margmiðlun við verkefna vinnu.	
Lífsskilyrði manna gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.		- kveikja, - umræður og samræður, - vettvangsathugun, - útikennsla, - heimilda- og upplýsingaöflun, - tilraunir.	
Náttúra Íslands - lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum náttúrulegu umhverfi. - lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland. - útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð		- kveikja, - kynningar verkefna, - reynslusögur, - vettvangsferðir, - myndtúlkun, - ritun, - heimilda- og upplýsingaöflun.	
Heilbrigði umhverfisins útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita,		- kveikja, - hugtakakort, - tilraunir,	

Námskrá 5. bekkur

Náttúrugreinar við lok 5. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi geti:
lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.		- athuganir, - skýrslugerð, - umræður, - fræðslumyndir, - heimilda- og upplýsingaöflun.	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu - lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi, - lýst eiginleikum segla og notkun þeirra.		- kveikja, - fræðslumyndir, - hugtakakort, - tilraunir og athuganir, - heimilda- og upplýsingaöflun.	

Námskrá 5. bekkur

Samfélagsgreinar

Vinnulag: Kennsla er í formi innlagna, umræðna, einstaklings- og hópverkefna, þemavinnu, myndsköpunar, leikrænnar tjáningar og lesturs. Lögð er áhersla á skapandi kennsluaðferðir og sjálfstæða vinnu nemenda. Þá verða kristin trúarbrögð og Islömsk trúarbrögð kynnt fyrir nemendum og verkefni unnin í tengslum við þau. Nemendur skila áhugasviðsverkefni í landafræði Íslands. Samþætting námsgreina er mikil.

Námsmat: Vinnueinkunn byggð vinnu í tímum, verkefnabók, samvinnu- og einstaklingsverkefnum.

Kennarar: Edda Júlía Helgadóttir og Jóhanna Höskuldsdóttir

Tímaáætlun: 3 stundir á viku

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• veit að heilbrigður lífstíll hefur áhrif á velferð og jákvæða sjálfsmynd, • getur unnið út frá eigin áhugasviði og styrkleikum í því skyni að auka sjálfstraust og þekkja tilfinningar sínar, • tekur þátt í að miðla málum og setur sig í spor annarra, • hefur skilning á eigin tilfinningum og annarra, • eflist í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun, • skilur þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan.
Jafnrétti	• hefur jafnrétti að leiðarljósi og veit að jafnrétti er margþætt hugtak, • temur sér gagnrýna hugsun, • gerir sér grein fyrir að allir þjóðfélagsþegnar eiga að vera jafnir fyrir lögum, • áttar sig á og virðir mismunandi þjóðfélagshópa.
Lýðræði og mannréttindi	• kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, • tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt og vinnubrögð, • virðir mismunandi skoðanir, • þekkir réttindi sín, skyldur og ábyrgð, • veit að í lýðræðisríki eiga allir að búa við mannréttindi,

Námskrá 5. bekkur

	• hefur tamið sér jákvætt viðhorf og siðferði sem eru mikilvægir þættir í lýðræðisríki, • ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins.
Læsi	• er læs á umhverfi sitt, • er læs á öllum sviðum nútímalæsis, notar t.d. upplýsingalæsi, stafrænt læsi, samskiptalæsi og tilfinningalæsi, • er virkur þátttakandi í að umskapa og umskrifa heiminn, • bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les, • þekkir til umræðuhefðar og orðanotkunar tungumálsins, • getur lesið sér til gagns og gleði, • tjáir sig um viðfangsefni sín og notar hugtök sem tengjast því, • er læs á menningu og menningarverðmæti.
Sjálfbærni	• getur tekist á við fjölbreytt álitamál og ágreiningsefni, • áttar sig á samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í samfélagi sínu, • sýnir frumkvæði, sjálfstæði og tekur virkan þátt í viðfangsefnum, • öðlist aukna umhverfisvitund og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs, • gerir sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa, • sýnir áhuga og vilja til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu, • beitir gagnrýnni hugsun og setur sig í spor annarra, • tekur ábyrgð á eigin gjörðum og hegðun, • tekur þátt í að skapa samábyrgt samfélag.
Sköpun	• virkjar hugmyndaflugið og nýtir það í að finna nýstárlegar lausnir, • nýtir tæknina á skapandi hátt, • nýtir hæfileika sína til að skapa afurð, • tileinkar sér gagnrýna hugsun og aðferðir sem opna sífellt nýja möguleika, • hefur færni í leikrænni túlkun, tjáningu og framsögn.

Námskrá 5. bekkur

Samfélagsgreinar við lok 5. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi geti:
Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann - fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta, - lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður, - áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði, - gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar, - notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga, - dregið upp mynd af afmörkuðum efnispáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar, - greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,	- Ísland, hér búum við - Islam – að lúta vilja guðs - Kristin trú - Heimsmarkmið Sp - Barnasáttmáli Sp - Lífsleiknínámsefni frá kennara	- umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun, - einstaklings-, para- og hópavinna - námsleikir, spil og spurningakeppnir, - vettvangsferðir, - upplýsingaöflun í gegnum rafræna miðla og uppfléttiritum og nýta í verkefnavinnu, - læra meðferð heimilda og meta áreiðanleika þeirra, - tengja viðfangsefni fyrri tíma við daglegt líf nemanda og samfélag, - myndefni eins og ljósmyndir og fræðslumyndir, - gerð hugtaka- og þemakorta.	- áttað sig á mismunandi gerðum korta, merkingum og mælikvörðum - fengið fræðslu um áttthaga sína, bæði í nærumhverfi og víðsvegar um Ísland - lært um hvernig Ísland hefur mótask með ýmsum hætti í gegnum aldirnar - vitað hvað náttúruauðlindir eru og hvaða náttúruauðlindir við nýtum á Íslandi - lært um hvaða atvinnugreinar eru algengastar á Íslandi - lært um hvað einkennir hvern landshluta fyrir sig - skilað verkefnum með ýmsum hætti með skapandi skilum - skilið að trúarbrögð eru mismunandi eftir menningarheimum - átti sig á að flestöll trúarbrögð hafa sömu grunnildi um kærleika og frið

Námskrá 5. bekkur

Samfélagsgreinar við lok 5. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi geti:
• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra, • gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.			• sýnt virðingu í samvinnu með samnemendum sínum
Hugarheimur Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum • lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu, • áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast, • gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikileikum, • lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun, • tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.		• einstaklings-, para- og hópavinna, • klípusögur og verkefni sem reyna á siðferðileg gildi, • hlutverkaleikir og leikræn tjáning, • tengja viðfangsefni við daglegt líf nemanda og samfélag, • umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun, • myndefni t.d. ljósmyndir og fræðslumyndir, • taka viðtöl við fulltrúa eldri kynslóða til að kynna sér breytingar á kynhlutverkum, • setji sér viðmið í félags- og námsfærni og skólahæfni.	

Námskrá 5. bekkur

Samfélagsgreinar við lok 5. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi geti:
Félagsheimur Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra • tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, • sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, • rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra, • rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum, • sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.		• hópvinna, • samræðulist, • klípusögur, • verkefni sem reyna á siðferðileg gildi og umræður, • hlutverkaleikir og leikræn tjáning, • tengja viðfangsefni við daglegt líf nemanda og samfélag, • aðferðir sem reyna á lýðræði eins og bekkjarfundir.	